

Gildi útináms í skólastarfi

**Samvinnuverkefni leik- og grunnskóla um hönnun
útisvæðis í Reykjanesbæ**

Anna Sofia Wahlström og Karólína Einarsdóttir

19. nóvember 2008



Efnisyfirlit

GILDI ÚTINÁMS Í SKÓLASTARFI	3
Inngangur	3
Útinám í Aðalnámskrá leik- og grunnskóla.....	4
Skilgreining – Hvað er útinám?.....	5
Hvernig útinám? Af hverju reynslunám?.....	6
Gildi útináms og ávinningar þess.....	8
Hreyfing og leikir úti	9
Umhverfismennt	10
Allir geta farið út!	11
Mismunandi hlutverk í útinámi – kennarinn, nemandinn, umhverfið	11
Samvinnuverkefni leik- og grunnskóla um hönnun útisvæðis í Reykjanesbæ	14
Kynning	14
Aðgerðir	15
Kynning fyrir stýrihóp Akurskóla um útikennslu	16
Fundur með skólastjórnendum	16
Senda bréf til Umhverfis- og skipulagssvið Reykjanesbæjar	16
Annar fundur með stýrihóp Akurskóla um útikennslu	18
Kynning á verkefninu og gildi útináms fyrir starfsfólk grunn- og leikskóla	18
Kanna áhuga og vilja hugsanlegra samstarfsaðila í samfélaginu.....	18
Undirbúningsvinna kennara	18
Verkefnið hefst með nemendum	20
Lokaorð.....	21
Heimildaskrá.....	22

GILDI ÚTINÁMS Í SKÓLASTARFI

Inngangur

Sem starfandi kennarar við leik- og grunnskóla í Innri-Njarðvík í Reykjanesbæ sáum við brýna þörf fyrir að efla útinám. Þessi ritgerð er hugsuð sem fræðilegur grunnur og aðgerðaráætlun fyrir samvinnuverkefni leik- og grunnskóla um undirbúning útisvæðis í Reykjanesbæ. Við leitum svara við eftirfarandi spurningum um útinám í fyrri hluta rígerðarinnar:

- Hvað er útinám? Skilgreining
- Hvernig útinám?
- Hvert er gildi útináms? Ávinningur?
- Hvert er hlutverk kennarans í útinámi?
- Hvaða kennsluaðferðir getur hann nýtt sér í útinámi?

Þegar vinna við þetta verkefni hófst, fannst okkur eðlilegt að hefja leitina í Aðalnámskrá leik- og grunnskóla til að skoða áherslur Menntamálaráðuneytisins á útinám. Nokkur hugtök tengt útinámi þvældust fyrir okkur en við veltum fyrir okkur hvort útinám sé ennþá það nýtt í skólastarfi að hugtökin eru ennþá að þróast. Með þessu verkefni viljum við reyna að skilgreina útinám og sýna fram á gildi þess. Í seinni hluta ritgerðarinnar sýnum við fram á hvernig hægt er að tengja útinám við mismunandi kenningar og kennsluaðferðir.

Það er okkar von að þessi ritgerð leiði til þess að uppbygging útikennslusvæðis verði að veruleika.

Útinám í Aðalnámskrá leik- og grunnskóla

Menntayfirvöld á Íslandi viðurkenna mikilvægi þess eins og fram kemur í Aðalnámskrá grunnskóla og Aðalnámskrá leikskóla:

Aðalnámskrá grunnskóla, náttúrufræði. 2007 (bls. 9):

Óhætt er að fullyrða að útikennsla, það er að flytja kennslu að einhverju leyti út fyrir vegg skólans, auðgi og styrki allt nám ásamt því að vera hollt bæði líkama og sál. Vettvangsnám er sérstaklega nauðsynlegt í náttúrufræðinámi þar sem úti í samfélagi, umhverfi og náttúru er sá raunveruleiki sem börnin eru að læra um og þurfa að þekkja, skilja og skynja. Það er því mikilvægt að skólar samþætti útikennslu í skólanámskrá sinni þannig að nemendum gefist tækifæri til að kynnast og njóta nánasta umhverfis og um leið efla virðingu þeirra fyrir því. Vegna sérstöðu lands okkar og þjóðar er nauðsynlegt að nemendur, og þar með framtíðarþegnar þessa lands, séu vel upplýstir á sviðum náttúrufræðanna. Með því að efla þekkingu og þjálfva vinnulag nemenda eflum við skynjun þeirra á umhverfinu.

Aðalnámskrá grunnskóla, náttúrufræði. 2007 (bls. 11):

Ekki er síður mikilvægt að læra að njóta náttúrunnar. Heimsókn á ferðamannastaði í heimabyggð gefur tækifæri á náttúrufræðilegum útskýringum en ekki síður möguleika á umfjöllun um útivist með virðingu fyrir náttúrunni.

Aðalnámskrá leikskóla. 1999 (bls. 26):

Lífsafkoma mannsins, líf hans og heilsa er háð náttúrunni og náttúruöflunum. Þekking á náttúrunni og fyrirbærum hennar er því lífsnauðsynleg. Auk þess er náttúran stöðugt undrunarefni. Barn þarf að kynnast fjölbreytileika náttúrunnar, komast í lifandi tengsl við hana og njóta hennar. Opna þarf augu barns fyrir fegurð náttúrunnar og vekja virðingu fyrir henni og ábyrgðarkennd. Reynsla barns af náttúrunni fléttast iðulega inn í leik þess og myndsköpun.

Í leikskóla ber að fræða börn um náttúruna, umhverfið og verndun þess.

Mun meiri áhersla er lögð á mikilvægi útináms í Aðalnámskrá leikskóla en grunnskóla, enda virðist vera ríkari hefð fyrir því að leikskólar nýti sér námsmöguleika náttúru og umhverfi. Að okkar mati mætti Menntamálaráðuneytið leggja jafn mikla áherslu á útinám í öllum námsgreinum grunnskóla ekki síður en náttúrufræði.

Skilgreining – Hvað er útinám?

Þegar við lesum greinarnar í tengslum við útinám þá erum við að kynnast mörgum hugtökum sem við veltum fyrir okkur og reynum að tengja, skilgreina og staðsetja í útinámi.

Ákveðið vandamál við þetta viðfangsefni eru hugtökin útikennsla og útinám. Ýmist er verið að tala um útikennslu eða útinám en okkur finnst þau oft ekki nógu vel aðgreind. Okkar niðurstaða er sú að útikennslan er það sem snýr að kennaranum og það sem hann leggur til við útinámið. Námið er það sem á sér stað fyrst og fremst hjá nemandanum. Okkur finnst réttara að tala um útinám frekar en útikennslu þar sem markmiðið er að nám eigi sér stað í gegnum reynslu nemandans. Kennslan er aftur á móti leið að náminu og snýst um virkni kennarans.

Ef nemendur og kennarar læra um útiveru innandyra er það þá útinám?

Skilgreiningu Phyllis Ford, (1986. Bls. 2, 3) má þýða lauslega á íslensku sem svo: að útinám sé nám sem á sér stað í, eða/og fjallar um útiveru. Samkvæmt hennar víðari skilgreiningu getur kennsla innandyra fallið undir útinám svo framarlega sem viðfangsefnið snýst um eitthvað sem er undir beru lofti. Að hennar mati er útikennsla mun víðari en við erum tilbúnar að samþykkja.

Við viljum meina að útinám sé:

- nám sem fer fram utandyra
- aðferð við nám og þekkingaröflun
- nám sem byggir á þverfaglegri námskrá
- reynslunám – experiential learning


Að okkar mati er útinám sameiginleg reynsla eða upplifun nemenda og kennara utandyra.

Þetta er samræmi við skilgreiningu Jakobs Frímanns Þorsteinssonar:

Útinám er yfirhugtak og felur m.a. í sér það sem í skólum er almennt kallað; ferðalög, útilegur, vettvangs- og útivistarferðir, umhverfisnám og útikennsla, og aðgreinist í höfuðatriðum frá annarri kennslu og námi af staðsetningu sinni. Af meiddi útináms hafa síðan vaxið fleiri greinar, s.s. umhverfisnám, ævintýranám og reynslunám. (Jakob Frímann Þorsteinsson. Að læra úti. 2008).

Hvernig útinám? Af hverju reynslunám?

Skilgreining á útinámi felur í sér reynslunám. Okkur finnst skýringarmynd Jakobs Frímans Þorsteinssonar lýsandi fyrir því hvernig útinám á upptök sín í reynslunámi:



Þegar við skoðum kosti útináms þurfum við að huga að því hvernig við lærum. Dewey færir góð rök fyrir því hvernig reynsla og menntun eru ná skyld. Hefðbundið nám innan kennslustofunnar býður upp á ákveðna reynslu en Dewey bendir á að þessi tegund reynslu er e.t.v. af rangri gerð þar sem reynslan fæst í gegnum bækur. Það liggur í augum uppi að ef nemendur eru að læra um eitthvert tiltekið viðfangsefni, að þau fái að upplifa það. Segjum sem svo að nemendur eru að læra um leir. Það væri fátækleg og takmörkuð upplifun sem nemendur fengju ef þau lærðu aðeins um það í bókum. Það er reynslan af því að vinna með leirinn sem situr eftir hjá þeim.

Í rit Námsgagnastofnunar frá 2005 er námsferli reynslunáms útlistað í fimm þrepum sem mynda hringrás:

- **Reynsla** – athöfnin að gera eða framkvæma
- **Gefa skýrslu** - segja frá
- **Deila** viðbrögðum og athugunum/niðurstöðum um það sem gerðist
- **Íhugun** – ræða myndur/einkenni og hreyfiafl til þess að öðlast innsýn í reynsluna
- **Alhæfing** – ræða myndur og hvernig það sem fólk lærði tengist hinum raunverulega heimi
- **Beiting** – að nota það sem var lært, að breyta fyrra atferli

Að læra af reynslunni krefst ferns konar eiginleika:

1. Vera **opinn og viljugur** til að gefa sig reynslunni á vald.
2. Vera **athugull og ígrundandi** þannig að skoða megi nýja reynslu frá mörgum sjónarhornum.
3. Vera **greinandi** þannig að skapa megi nýjan skilning byggðan á athugun og ígrundun.
4. Geta tekið **ákvarðanir og leitað lausna** í nýjum aðstæðum.

(Jakob Frímann Þorsteinsson)

Reynslunám er að læra með því að gera, virkt nám. Í útinámi fá nemendur tækifæri til að nota öll skynfæri sín. Útinám er kjörinn vettvangur þar sem reynslunám með beitingu allra skynfæra getur átt sér stað. *Dunn og Dunn* hafa meðal annars sett fram kenningu um það hvernig við nemum misjafnlega í gegnum skynjun. Hugmyndir *Dunn og Dunn* byggjast á vitrænum kenningum þar sem einstaklingurinn vinnur úr upplýsingum misjafnlega á grunni meðfæddra eða lærðra eðlisþátta. Við mótum okkur námsstíla sem henta okkur best til að nema:

- Hlusta (auditory)
- Horfa (visual pictures)
- Lesa (visual texts)
- Snerta (tactual)
- Líkamlega virkur (kinesthetic)
- Munnlega (auditory verbal)

Þessar leiðir eru aldurs- og þroskatengdar, t.d. eru börn á leikskólaaldri að nota grófhreyfingar en nemendur tileinka sér ekki lestur sem námsleið fyrr en um það leyti sem þau eru í 3. bekk. Útinám veitir nemendum tækifæri til að nota alla námsstíla og öll skynfærin. Það gefur öllum tækifæri til að læra á sínum forsendum og nota þann stíl sem hentar þeim best óháð þroska og aldri.

Nám sem býður ekki upp á reynslu verður fátækleg og höfðar til fárra nemenda þar sem bilið getur verið stórt á milli þess sem skrifað er í námsbók og reynsluheims nemandans. Því meiri

reynsla sem nemandinn hefur á hlutbundin heim því auðveldara mun barnið eiga með að hugsa óhlutbundið. Að geta hugsað óhlutbundið er þáttur í að geta leyst vandamál. Mikilvægur þáttur í reynslunámi er að nemandinn fái tækifæri til að vinna úr- og ígrunda reynsluna t.d. með umræðum. Reynslunám er kjörin námsleið þar sem nemandinn hefur tækifæri til að vera virkur og nema á sínum forsendum. Kjörinn vettvangur fyrir reynslunám er útinám.

Gildi útináms og ávinningur þess

Rökin fyrir því að stunda útinám óháð námsinntaki eru mörg. Fyrir utan kosti þess eins og fjölbreyttari námsleiðir og möguleikar nemandans til reynslunáms eru óbeinir ávinningar ekki síður mikilvægir. Þættir eins og:

- **Hreyfing**

Samband virðist vera milli hreyfingar og færni nemanda til að tileinka sér óhlutbundna þekkingu. Aukin hreyfing leiðir af sér aukið sjálfstraust, aukið félagsfærni og einbeitingu.

- **Hraustleiki**

Líkamlega- og andlega hraustari einstaklingar eru tilbúnari til að takast á við áskoranir samtímans og framtíðarinnar. Við búum á landi þar sem umhverfið og veðurfar eru oft óblíð. Við þurfum að ala upp einstaklinga sem kunna að lifa í- og eru sáttrir við náttúruöflin.

- **Umhverfismeðvitund**

Staða mannsins í heiminum og samband hans við umhverfi sitt og náttúruna eru orðin mikilvæg umræðuefni samtímans. Ein helstu rök stjórnmalamanna fyrir útikennslu í skólum er þörfin fyrir aukinni ábyrgð komandi kynslóða fyrir umhverfinu. Útikennsla er leið til þess að auka skilning á- og ganga vel um umhverfið.

- **Félagslegur ávinningur**

Nemendur þurfa að takast á við fjölbreyttar aðstæður þar sem reynir á samvinnu. Þeir þurfa að hlusta, læra af hvorn annan, finna sameiginlegar lausnir og skipta hlutverkum á milli sín. Kennarar upplifa oft betri tengsl við nemendur sína við þessar aðstæður.

- **Mál og ritun**

Í útiveru eru nemendur líklegri til að vera frjálsari í tjáningu sinni. Sumir nemendur sem tjá sig lítið inni í skólastofunni upplifa ákveðið frelsi til tjáningar úti. Nemendur kynnast nýjum hugtökum, þjálfast í munnlegri tjáningu og ritun við úrvinnslu seinna.

(Limstrand. 2004)

Hreyfing og leikir úti

Útivera er ekki síður mikilvægt í sambandi við holdafar barna nú til dags. Íslensk börn hafa verið að þyngjast óeðlilega mikið en fjölda rannsókna sýna fram á ávinning þess að hreyfa sig reglulega bæði fyrir líkama og sál.

Nýleg rannsókn á lifnaðarháttum 9 og 15 ára skólabörnum hér á landi leiddi í ljós að þrátt fyrir að fleiri börn stundi nú skipulagða íþróttastarfsemi hefur kyrrsetustundum barna fjölgað. Börnum er ekið á milli staða og þau verja drjúgum tíma fyrir framan tölvuna og sjónvarpið (Hólmfríður Þorgeirsdóttir. 2008).

Nemendur eru í síauknum mæli að eyða meiri tíma innandyra og eru að missa tengsl við náttúruna, leiki utandyra og ævintýri sem geta átt sér stað úti í umhverfið. Nú til dags einkennast mörg heimili af því að báðir foreldrar eru útivinnandi og sinna því útiveru með börnum sínum minna en áður. Við þetta fara börnin á mis við margvísleg námstækifæri sem eiga sér stað í samspili við umhverfið. (Cooper. 2006).

Í leik barnsins í náttúrulegu umhverfi á sér stað mikið nám. Börnum er eðlislægt að læra í gegnum leik og nauðsynlegt að börn fái tækifæri til að leika sér í náttúrulegu umhverfi. Náttúruleg umhverfi bjóða upp á það að nemendur skapi sér ævintýri og aðstæður þar sem þau þurfa að takast á við líkamlegar og andlegar áskoranir. Líkamleg áskorun gæti t.d. verið klifur en andleg áskorun gæti verið að takast á við óöryggi. Jákvæðar afleiðingar þess eru aukið sjálfstraust og andlegur þroski ásamt því að minnka álagseinkenni og auka eftirtekt og skynjun. (Cooper. 2006).

Nemendur í dag fá tækifæri til frjáls leiks úti í frímínútum og í hádeginu en er skólalóðin staður þar sem ævintýri geta átt sér stað? Það er afmarkað svæði þar sem öryggi nemenda er hafður í fyrirrúmi með tilbúin leiktæki. Tíminn er takmarkaður fyrir nemendur til að þróa leiki sína, og fullorðnir alltaf skammt undan. Er ekki nauðsynlegt fyrir nemendur að fá að

takast á við þær áskoranir sem bjóðast utan skólalóðar? Þar sem nemendur hafa tækifæri til að kanna og rannsaka út frá sínum forsendum og leika frjálst? Vissulega er kennarinn með í för í útinám en útinám getur veitt fjölda tækifæri til frjáls leiks og könnunar nemenda þar sem óvæntar aðstæður og ný umhverfi geta skapað ófyrirséð ævintýri.

Umhverfismennt

Annar mikilvægur ávinningur varðandi útinám er aukin umhverfismennt og umhverfisvitund. Við lifum í heimi þar sem umhverfismál eru að verða mikilvægari málaflokkur þar sem auðlindir mannsins til framtíðar tengjast þeim nánum böndum. Mörgum er ljóst að auðlindir heimsins eru ekki ótæmandi og eru misjafnlega næm fyrir umhverfisáhrifum svo sem mengun. Það er í eðli mannsins að fara betur með það sem nær honum stendur. Því er æskilegt að nemendur upplifi, læri og kynnist náttúrunni og umhverfið. Ef nemendur eru að eyða minni tíma utandyra og eru að tapa raunverulegar upplifanir og skilning á náttúrunni og umhverfinu, hver er þá framtíð umhverfismála? Munu komandi kynslóðir hafa þekkingu, reynslu og skilning sem þarf til að takast á við umhverfismálin? Erum við að fjarlægast náttúrunni svo að okkur hættir til að líta á það sem annar heimur sem komi okkur persónulega lítið við? Útinám getur haft varanleg áhrif á viðhorf okkar til umhverfis og varðveislu náttúru.

Rannsóknin *Effects of Outdoor Education Programs for Children in California* sýnir fram á breytt viðhorf og hegðun hjá hópi nemenda í 6. bekk grunnskóla í Kaliforníu. Nemendur tóku þátt í vikulangt námskeið þar sem þeir fengu meðal annars fræðslu í umhverfisvernd, vísindi og umhverfishegðun. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna jákvæð tengsl milli útináms með áherslu á umhverfismennt og viðhorf nemenda og hegðun þeirra. Nemendur sýndu strax eftir vikuna aukna umhyggju fyrir umhverfisvernd. Eftir sex til tíu vikur hafði ekki dregið úr jákvæðri afstöðu þessara nemenda til vísinda og umhverfishegðun þeirra. Foreldrar tóku eftir aukinni umhverfismeðvitund og hegðun heima fyrir t.d. gagnvart endurvinnslu (American Institute for Research. 2005).

Allir geta farið út!

Kennarar móta sér afstöðu til útináms. Sumum finnst útinám ekki koma sér við og finnst það undir vísindagreinum komið að flytja kennsluna út. Aðrir vilja gjarnan nýta útiveru í kennslu en eru óöruggir og þekkja ekki leiðir til þess. Einhverjir kennarar eru leiðandi í útikennslu og eru óhræddir við að flytja hana út, sama hver námsgreinin er.

Gild ástæða er fyrir alla kennara að flytja námið út. Útinám er ein leið til þess að mæta mismunandi þörfum nemenda í ljósi fjölgreindarkenningu Howards Gardners. Æskilegt er að hver námsgrein komi að öllum greindum nemenda til þess að nemendur geti skilið námsefnið á sínum forsendum og þjálfað aðrar greindir. Meiri líkur eru á því að nemendur skilji inntaki námsins ef nálgunin er frá sem flestum sjónarhornum. Útinám er leið til þess að þjálfar allar greindirnar: Málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind, tónlistargreind, samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind og umhverfisgreind. (Armstrong, T. 2000).

Að okkar mati geta allir kennarar nýtt sér útinám til að auðga kennsluna óháð námsgreininni. Áhugi fyrir útinám hefur aukist eins og sjá má í fjölda rita, lokaritgerða og vefsíðna um viðfangsefnið á undanförunum árum. Kennarar geta leitað í þessi rit til að fá hugmyndir. Svo er um að gera að nota ímyndunaraflið!

Mismunandi hlutverk í útinámi – kennarinn, nemandinn, umhverfið

Hlutverk kennarans er margþættur og kennarar eru misjafnir eins og þeir eru margir. Torgeir Limstrand greinir fjóra mismunandi tegundir kennara í útikennslu í grein sinni *Perspektiver på uteskole*.

Í fyrsta lagi er það kennarinn sem flytur kennsluna út án þess að námið eigi sér raunveruleg tengsl í útirýminu. Aðalmarkmið kennarans er að komast út en önnur markmið kennslunnar eru óskýr. Kennslan er vel skipulögð en grunnhugmyndir kennarans um námið byggjast á hefðbundinni kennslu innandyra.

Í öðru lagi er það kennarinn sem er afslappaður gagnvart inntaki námsins. Hann telur mikilvægast að nemendur leiki sér, upplifi útiveruna sem eitthvað skemmtilegt og jákvætt. Stundum er hann þátttakandi með nemendum en ekki endilega.

Í þriðja lagi er talað um kennarann sem nálgast útikennsluna sem skipulagt reynslunám þar sem nemendur þurfa að takast á við að leysa ýmsar þrautir. Þessar þrautir gætu verið til dæmis leiðir til að komast af í náttúrunni, rata og öðlast ýmis konar færni. Þessir kennarar eru oft áhugafólk um útivist og vilja miðla kunnáttu sína til nemenda.

Í síðasta lagi er það fyrirmyndar kennarinn í útinámi. Nálgun hans er nemendamiðað þar sem upplifun nemandans er í fyrirrúmi. Kennarinn er þátttakandi með nemandanum, hann er vakandi fyrir því sem vekur áhuga nemandans og skipuleggur námið út frá því. Kennari og nemandi eru rannsakendur saman og kennarinn setur upplifanir í stærra og víðameiri samhengi.

Í grein Limstrands er tekið fram að fyrirmyndar kennarinn er í raun hugmynd og viðmið. Að okkar mati hafa allar þessar kennsluaðferðir jákvæðar hliðar og ein aðferð þarf ekki að útiloka aðra. Hins vegar er vel hægt að ná þessum kennsluaðferðum fyrirmyndar kennarans til dæmis með því að nota könnunaraðferðina. Könnunaraðferðin hentar bæði til náms innandyra sem úti. Aðferðin er uppgötvunarnám sem á upptök sín í reynslunámi. Aðalmarkmið með könnunaraðferðinni er að viðhalda forvitni barnanna og áhuga þeirra fyrir því að nema. Virkni nemandans er aðalatriðið og skipulagning, framkvæmd og mat eiga að taka mið af því (Limstrand, T. 2004). Óhjákvæmilega gerir þetta ákveðnar kröfur til kennarans. Kennarinn þarf að:

- vera vakandi fyrir möguleg viðfangsefni og sjá tækifæri til náms
- leita sér upplýsinga sem gætu nýst nemandanum í þekkingarleit sinni
- vera tilbúinn að sjá möguleika, afmarka viðfangsefnið og setja fram markmið
- huga að aðstæðum og umhverfi sem ögra og hvetja nemandann til náms
- kanna þekkingu nemandans á viðfangsefninu og skipuleggja námið út frá því
- vera vakandi fyrir því sem er að gerast hjá nemandanum
- vera leiðandi og styðjandi í námsferlinu
- spyrja viðeigandi spurninga sem eru opnir og hvetja nemandann áfram
- vera rannsakandi með nemandanum og virkur þátttakandi
- meta ferlið jafnóðum og gera lokamat
- vera fyrirmynd

Könnunaraðferðin byggist meðal annars á hugmyndum Vygotskys um hvernig börn nema. Samkvæmt kenningum Vygotskys á kennarinn alltaf að leitast við að vinna með nemandanum á „svæði mögulegs þroska“ þess. Þegar nemandinn hefur öðlast færni til að

takast á við verkefni sjálfur er það í hlutverk kennarans að finna meira krefjandi verkefni við hæfi sem nemandinn getur tekist á við í styðjandi umhverfi. Þá á nám sér stað.

Eitt af hlutverkum kennarans er að huga að umhverfinu. Samkvæmt hugmyndafræði Reggio Emilia er litið á umhverfið sem þriðji kennarinn. Fjölbreytileiki umhverfisins býr til aðstæður þar sem nemandinn lærir í gegnum reynsluna. John Dewey (2000) lýsir hlutverki umhverfisins og ábyrgð kennarans í því samhengi:

Það ætti ekki að þurfa að taka það fram að reynsla á sér aldrei stað í tómarúmi. Það eru uppsprettur utan við einstaklinginn sem verða tilefni til reynslu. Hann fær stöðuga næringu úr þessum uppsprettum... Sú höfuðábyrgð hvílir á kennurum að þeir ekki aðeins geri sér grein fyrir því almenna lögmáli að raunveruleg reynsla mótast af umhverfisskilyrðum heldur og að þeir viti í raun og veru hvaða umhverfi stuðlar að reynslu sem leiðir til þroska. Umfram allt ættu þeir að kunna að hagnýta hið efnislega og félagslega umhverfi sem er til staðar svo að fá megi út úr því allt sem stuðla getur að því að byggja upp reynslu sem er einhvers virði (bls. 50).

Kennarinn þarf að huga að því að nemendur fái tækifæri til að kynnast mismunandi umhverfi. Innri kennslurýmið hefur sína möguleika og kosti en útirýmið felur í sér aðra kennslumöguleika og námstækifæri nemenda verða fátæklegri ef kennarinn nýtur sér ekki þá möguleika sem útinám býður upp á.

Samvinnuverkefni leik- og grunnskóla um hönnun útisvæðis í Reykjanesbæ

Kynning

Út frá viðtalsverkefni í námskeiðinu *Útikennsla og græn nytjahönnun* við Háskóla Íslands þróaðist hugmynd um að vinna verkefni um uppbyggingu útikennslusvæðis í Innri-Njarðvík í Reykjanesbæ. Markmið verkefnisins er að:

- byggja upp útisvæði sem fellur að umhverfinu og sem nýst getur nemendum, kennurum og öðrum til útivistar
- auka umhverfismeðvitund, efla áhuga og jákvætt viðhorf til útináms og útiveru
- nemendur og starfsfólk upplifi möguleika útináms
- nemendur taki virkan þátt í uppbyggingu útisvæðis frá upphafi til enda
- auka samstarf grunnskóla- og leikskóla
- auka samstarf við stofnanir og fyrirtæki í samfélaginu

Grunnskólinn í Innri-Njarðvík, Akurskóli hefur víkina Kópu í fóstur og er þar af leiðandi kjörinn vettvangur til uppbyggingar útiaðstöðu. Þar sem önnur okkar vinnur í grunnskólanum og hin í leikskóla þá fórum við að hugsa verkefnið frá upphafi sem samstarfsverkefni grunn- og leikskóla á svæðinu. Jafnvel sjáum við möguleika á að tengja ákveðna þætti verkefnisins við deildir innan Fjölbrautarskóla Suðurnesja.


Mikilvægt er að allir þátttakendur eigi hlutdeild í skipulagningu og framkvæmd verkefnisins. Virkni þátttakenda frá upphafi er forsenda þess að svæðið verði nýtt í framtíðinni. Við hugum betur að því sem nær okkur stendur. Í þessu verkefni ætlum við að leggja fram umgjörð þar sem þátttakendur skipuleggja svæðið og koma að verkefninu frá upphafi. Við ætlum að vinna verkefnið út frá könnunaraðferðinni. Ástæður fyrir því að Könnunaraðferðin er heppileg aðferð fyrir verkefnið eru:

- Góður vinnurammi
- Aðferðin byggir á virkni þátttakenda
- Nemendur verða leiðandi í verkefninu

Aðgerðir

1. Kynning fyrir stýrihóp Akurskóla um útikennslu
2. Fundur með skólastjórnendum
3. Senda bréf til Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjanesbæjar
4. Annar fundur með stýrihóp Akurskóla um útikennslu
5. Kynning á verkefninu og gildi útináms fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla
6. Kanna áhuga og vilja hugsanlegra samstarfsaðila í samfélaginu
7. Undirbúningsvinna kennara
8. Verkefnið hefst með nemendum

Aðgerðaráætlunin er hér í formi vefgerðs:





Víkin Kópa í Reykjanesbæ

Kynning fyrir stýrihóp Akurskóla um útikennslu

Í Akurskóla vinnur stýrihópur að því að styrkja útikennslu í skólanum. Hópurinn er samansettur af einum umsjónarkennara, tveimur sérgreinakennurum og tungumálakennara. Verkefnið verður kynnt og umræður um möguleika svæðisins fylgja í kjölfarið í formi vefgerðs.

Fundur með skólastjórnendum

Fundur með skólastjórnendum Akurskóla og leikskólanna Holts og Akur. Áður en fundurinn er haldinn hafa skólastjórnendur fengið þessa ritgerð til yfirlstrar. Á fundinum verður leitast við að fá athugasemdir og formlegt samþykki stjórnenda.

Senda bréf til Umhverfis- og skipulagssvið Reykjanesbæjar

Áður en farið er lengra með verkefnið er nauðsynlegt að fá tilskilin rétt fyrir verkefninu hjá Umhverfis- og skipulagssvið Reykjanesbæjar. Eftirfarandi bréf verður sent:

Nóvember 2008

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjanesbæjar
Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Efni: Tillaga að útikennslusvæði í Innri-Njarðvík

Til þeirra er málið varðar:

Okkur langar að kanna möguleikana á því að byggja upp útikennslusvæði fyrir bæði leik- og grunnskóla í Innri-Njarðvík. Þar sem Akurskóli fékk víkina Kópu í fóstur, þykir okkur eðlilegt að skoða það svæði sérstaklega.

Útikennslusvæði eru skilgreind sem svæði í náttúrunni þar sem fjölbreytt nám og kennsla getur átt sér stað. Útikennsla getur nýst öllum námsgreinum grunnskólans og námssvið leikskóla. Hugmyndin er sú að fá tiltekin svæði skilgreind sem útikennslusvæði og að nemendur taki þátt í að byggja upp svæði sem er aðgengilegt, náttúrulegt og nýtanlegt á umhverfisvænan hátt. Þetta svæði yrði til þýðis fyrir alla og myndi nýtast nemendum, kennurum og íbúum svæðisins jafnt til náms og leiks. Hugmyndin er sú að nemendur myndu taka virkan þátt í þessari uppbyggingu undir leiðsögn kennara og ábyrgðamanna verkefnisins í góðu samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið Reykjanesbæjar.

Eftirfarandi eru nokkrar tillögur og hugmyndir að þessu verkefni.

Hægt væri að:

- efna til hugmyndasamkeppnis um tillögur að skipulag svæðisins
- nýta efnivið úr náttúrunni, svo sem rekavið og steina til þess að smíða bekki og borð sem myndu nýtast í útikennslu
- byggja upp skjól í anda gamalla verbúða eins og þeir sem nýttir voru til sjósókna áður fyrir
- byggja upp aðstöðu í brekkunni til að nýta sem útileikhús/svið
- útbúa eldstæði með sætum í kring sem nýtast mætti fyrir samverustundir og þess háttar
- útbúa leiksvæði með ýmiskonar þrautir og leiktæki úr náttúrulegu efniviði

Akurskóli hefur nú þegar aflað sér reynslu í útikennslu og hefur það að markmiði að styrkjast enn frekar í því. Náttúruperlur í Innri-Njarðvík er tveggja ára verkefni sem Akurskóli hefur á sinni könnu en það snýst að miklu leyti um útikennslu.

Ofangreindar tillögur og hugmyndir eru á frumstigi og hugmyndin með þetta erindi er að kanna áhuga, vilja og stuðning umhverfis- og skipulagssviðs fyrir verkefni af þessu tagi.

Með vinsemd og virðingu,

Karólína Einarsdóttir og Anna Sofia Wahlström

Annar fundur með stýrihóp Akurskóla um útikennslu

Undirbúningsvinna hópsins hefst fyrir kynningu starfsmanna á verkefninu. Hópurinn undirbýr sig með því að útbúa vefgerð um þætti sem tengjast námsgreinum, hugsanlegum spurningum og tillögum frá starfsfólki.

Kynning á verkefninu og gildi útináms fyrir starfsfólk grunn- og leikskóla

Góð kynning á verkefninu er undirstöðuatriði fyrir velgengni þess. Við verðum með glærुकynningu um gildi útináms og nálgun verkefnisins út frá könnunaraðferðinni. Hugtakakort búið til út frá hugmyndum og tillögum starfsmanna. Námsgreinatengd vefgerð kemur í kjölfarið til að skoða hvernig hver kennari getur tengt mismunandi námsgreinar við verkefnið. Á þessum sameiginlega fundi þarf að ákveða hvernig verkefnið verður kynnt fyrir nemendum.

Kanna áhuga og vilja hugsanlegra samstarfsaðila í samfélaginu


Stýrihópurinn hefur samband við hugsanlega samstarfsaðila í samfélaginu og kannar möguleika á samvinnu. Dæmi um samstarfsaðilar gætu verið Fjölbrautarskóli Suðurnesja, Skógræktarfélag Suðurnesja, Blái Herinn og fleiri.

Undirbúningsvinna kennara


Kennarar vinna samkvæmt könnunaraðferðinni. Vinnuferli þess skiptist í þrjú stig:

- Á fyrsta stiginu fer undirbúningsvinna kennara fram. Hann útbýr vefgerðir, spyr sig spurninga, kannar námsmöguleika og setur sér markmið. Kennarinn finnur leiðir til að vekja áhuga nemenda fyrir viðfangsefninu og kannar þekkingu þeirra. Þegar spurningar nemenda myndast þá færast ferlið yfir á næsta stig.
- Annað stigið felur í sér að rannsaka viðfangsefnið í raun með athugunum, tilraunum, umræðum, í bókum, vettvangsferðum og heimsóknum. Þannig er spurningum nemenda svarað. Nemendur vinna úr nýrri reynslu og þekkingu t.d. í gegnum hönnun, myndsköpun, sögugerð og fleira.
- Á þriðja stigi er vinnan endurskoðuð og metinn. Ákveðnir þættir eru valdir til kynningar. Nánari útlistun á stigin þrjú má sjá hér á eftir en frumgerðin er að finna í bókinni *Young Investigators, The Project Approach in the Early Years* (Helm, J. H. og Katz, L. 2001. Bls.10):


Stig I



Stig II






Stig III



* Rannsókn: Vettvangsferðir. Talað við gesti og aðra sérfræðinga. Tilraunir o.fl.

Lyklar:

-  Framtak barna og kennara
-  Framtak kennara
-  Framtak barna

f Möguleiki á þátttöku foreldra

Verkefnið hefst með nemendum

Nemendur fá kynningu á verkefninu að *hanna útisvæði*. Þeir fá tækifæri til að kynna, skoða, leika sér á svæðinu og átta sig á þá möguleika sem svæðið hefur upp á að bjóða í vettvangsferðum. Nemendur taka t.d. myndir af því sem grípur athygli þeirra og teikna myndir af svæðinu. Unnið er eftir vinnuferli könnunaraðferðarinnar. Nauðsynlegt er að kennarinn nálgist þekkingu og hugmyndir nemenda t.d. með vefgerðum. Áframhaldandi vinna hefst út frá hugmyndum þeirra.



Lokaorð

Útinám er margþætt og fer fram utandyra þar sem nemendur fá meðal annars tækifæri til reynslunáms í náttúrunni. Útinám ætti að vera sjálfsagður þáttur í hverskyns skólastarfi. Fjölmörg rit og rannsóknir sýna fram á gildi þess. Ávinningar útináms skila sér beint til einstaklinga og komandi kynslóða. Útinám er hægt að nýta í öllum námsgreinum með fjölbreyttum markmiðum allt frá sjálfsþekkingu einstaklingsins til aukinnar skilningar á mikilvægi náttúrunnar fyrir mannkynið allt. Útivera er mun minna hjá börnum nú til dags en áður. Afleiðingar þess í framtíðinni geta verið óteljandi, óæskilegar og ófyrirséðar. Þörfin fyrir útinám er því enn brýnna en áður og kennarinn er mikilvægur hlekkur í upplifun nemenda á umhverfi og náttúru.

Útinám tekur tíma að innleiða, bæði hjá kennurum og nemendum því reynslunám er meira en kennsluaðferð, það er viðhorf til þess hvernig nemandinn nemur. Viðbrögð nemenda við því geta verið neikvæð þangað til að þau eru orðin vön því að útinám sé fastur liður í menntun. Viðbrögð þeirra kennara sem eru óvanir útikennslu geta verið neikvæð þangað til þeir hafa öðlast færni og reynslu í því að flytja kennsluna út. Við teljum mikilvægt að hafa góðan fræðilegan grunn og vel skipulagða, skýra aðgerðaráætlun til þess að innleiða útinám.

Þetta verkefni var oft á köflum erfið í vinnslu. Við veltum hugtökum mikið fyrir okkur þegar við unnum að skilagreiningu útináms. Mörg hugtök eru skyld, lík og tengjast á margan hátt. Þessi hugtök gerðu okkur oft erfitt fyrir en að lokum urðu þau til þess að styrkja verkefnið enn frekar og ekki síst skilningur okkar á eðli útináms. Hugtök eins og experiential learning, experimental learning, útinám, útikennsla, reynslunám og uppgötvunarnám voru okkur sérstaklega erfið.

Að lokum viljum við vitna í Phyllis Ford þar sem hún skrifar grein sinni, *Outdoor Education* (1986) að...útinám er samfelld námsupplifun. Það er ekki eingöngu ein vettvangsferð, ein vika í útiskóla eða árlegur viðburður. Útinám þarf að sinna á öllum stigum og stunda ævilangt.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá Leikskóla. (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

American Institutes for Research. (2005). *Effects of Outdoor Education Programs for Children in California*. California: American Institutes for Research.

Armstrong, T. (2000). *Fjölgreindir í skólastofunni – önnur útgáfa*. Reykjavík. JPV ÚTGÁFA.

Cooper, G. (2006). *Disconnected Children*. Horizons, 33 (Spring 2006).

Dewey, J. (1996). *Reynsla og menntun*. Tilraunaútgáfa. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Upphaflega gefið út 1938).

Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun*. Reykjavík: Rannsóknarstofnum Kennaraháskóla Íslands. (Upphaflega gefið út 1938).

Ford, P. (1986). *Outdoor Education: Definition and Philosophy*. New Mexico.

Helm, J.H. og Katz, L. (2001). *Young Investigators, The Project Approach in the Early Years*. New York: Teachers College Press.

Limstrand, T. (2004). *Perspektiver på uteskole* [Vefútgáfa]. Sótt 28.09.2008.

Vefslóðir:

Aðalnámskrá grunnskóla. Náttúrufræði og umhverfismennt. (2007). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 15.11.2008. Vefslóð:

http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_naturufraedi-umhverfismennt.pdf

Dunn and Dunn. *The Dunn and Dunn Model*. Sótt 15.11.2008. Vefslóð:

www.geosites.com/~educationplace/Model.html

Hólmfríður Þorgeirsdóttir. (2008). *Næring og hreyfing barna* [Vefútgáfa]. Sótt 15.11.2008.

Vefslóð: www.landlaeknir.is/pages/526

Jakob Frímann Þorsteinsson. *Að læra úti*. Erindi á námsstefnu um útinám og skólustarf. Sótt 15.11.2008. Vefslóð: www.askorun.is/index.php?pid=32

Námshagnastofnun. 2005. *Borgaravitund og lýðræði* [Vefútgáfa]. Sótt 15.11.2008. Vefslóð:

http://www.nams.is/borgara/text/v1_3.pdf